

Nd.

87. Frumvarp

til laga um samþyktir um mótak.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykt um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mólands og hættur af mógröfum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþyktar. Þá skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþykting náí yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem heima eiga á því svæði og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir

gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykta, sem hefir eigi náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþyktafundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir frá 5–50 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.